

bráðþroska, enda þótt að svo sé, nær engri átt að telja það skilyrði fyrir broti á 13. gr., að sökunautur viti að kaupandi sé innan 21 árs aldurs. Slika vitneskju yrði erfitt að sanna og auðvitað verður sökunautur að hlaupa þá sérstöku áhættu að selja manni áfengi innan 21 árs, þar sem vafi gæti leikið á um aldur kaupanda.

Refsing sú, er kærð hefir unnið til samkv. 13. og 15. gr., þykir hæfilega ákveðin kr. 250.00, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en ella sæti kærð 13 daga einföldu fangelsi.

Ennfremur greiði kærða allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Enginn óþarfur dráttur hefir orðið á máli þessu.

Mánudaginn 11. maí 1936.

Nr. 30/1935. Sveinn Bjarnason f. h. Kára Baldvinssonar, Guðrúnar Jóhannesdóttur, Óskars Antonssonar, Maríu Jóhannesdóttur, Jóns Edvaldssonar, Guðbjarts Björnssonar og Bjarna Einarssonar, sem þannig er nefndur í stefnunni, en í dómsgerðunum Einar Bjarnason (Garðar Þorsteinsson)

gegn

skiptaráðanda Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar f. h. þrotabús Sigurðar Jóhannessonar og Steingrími Guðmundssyni

(Pétur Magnússon).

Veð í bátum, minni en 5 smálestir, talin eiga að sæta reglum um veð í lausafé.

Úrskurður skiptaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 16. júlí 1934: Veðrétturinn til handa vélsmið

Steingrими Guðmundssyni á Akureyri í vélbátnum Jóhannesi EA. 529 og Filippusi EA. 472 samkv. kaupsamningi dags. 13. júní 1930, þingl. 13. nóv. 1930, skal teljast fullgildur og vikur handveðsréttur samkvæmt yfirlýsingu Sigurðar Jóhannessonar 9. febr. 1934 (réttarskj. 2) fyrir honum.

Telja ber, að vélin hafi verið með í veðsetningu bátsins Filippusar og að veðrétturinn í Filippusi hafi ekki fallið burt við afhending vélarinnar.

Málskostnaðarkrafan verður ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Skiptaréttarúrskurði þeim, sem hér liggur fyrir, hafa áfrýjendur skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 18. marz 1935, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 19. febr. s. á., og gjafsókn, dags. 20. s. m., og hefir þeim verið skipaður málflutningsmaður. Krefjast áfrýjendur þess, aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að ákveðið verði með dómi réttarins, að veðréttur stefnda, Steingrims Guðmundssonar, í vélbátunum „Jóhannesi“, EA 529 og „Filippusi“, EA 472, samkvæmt veðbréfi dags. 13. júní 1930, skuli vikja fyrir handveðrétti áfrýjenda í sömu bátum, samkvæmt veðbréfi, útgefnu 9. febr. 1931. Til vara krefjast áfrýjendur, að af andvirði bátsins „Filippusar“ skuli kr. 517.70 renna til þeirra sem löglegra veðhafa. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndir hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Máli þessu er þannig varið, að með bréfi, dags. 13. júní 1930, veðsetti Sigurður Jóhannesson á Akureyri stefndum, Steingrими Guðmundssyni, s. st., ofangreinda báta, „Jóhannes“ og „Filippus“, báða

að sjálfsvörzluveði með 1. veðrétti, til tryggingar skuld, að upphæð norskar kr. 1850.00. Bréf þetta var afhent til þinglesturs hinn 13. nóv. 1930 og þinglesið á manntalsþingi Akureyrar 1931. Með bréfi, dags. 9. febr. 1931, veðsetti Sigurður Jóhannesson hinsvegar áfrýjendum báða þessa báta að handveði — bátinn „Jóhannes“ þó án vélar — til tryggingar skuld að upphæð kr. 4073.71. Í nóvember 1931 var bú nefnds Sigurðar Jóhannessonar tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Lýsti stefndur Steingrímur í búið eftirstöðvum veðskuldarinnar frá 13. júní 1930, n. kr. 1239.77, auk vaxta og kostnaðar, og krafðist þess, að honum yrði sem veðhafa greitt andvirði fyrrnefndra báta úr búinu á sama hátt og um fasteignaveð væri að ræða. Áfrýjendur mótmæltu hinsvegar gildi veðréttar stefnds Steingríms og kröfðust þess, að andvirði bátanna yrði greitt þeim sem handveðshöfum. Úr ágreiningi þessum var síðan skorið af skiptaréttinum á þann hátt, sem hinn áfrýjaði úrskurður ber með sér.

Það hefir komið fram í málinu, að veðbréf stefnds Steingríms frá 13. júní 1930 var ekki lesið á hinu næsta manntalsþingi, eftir að það var gefið út. Nú verður, þrátt fyrir hið almenna ákvæði í upphafi 8. gr. laga um þinglýsing og aflýsing nr. 30/1928, að telja ákvæðin um þinglestur lausafjárveðs í 7. gr. veðlaga, nr. 18/1887, vera enn í gildi, þar eð þau eru ekki talin meðal þeirra lagafyrirmæla, sem berum orðum eru úr gildi felld með 16. gr. laga nr. 30/1928, en brýn ástæða hefði verið til að nefna þau þar sérstaklega, ef þeim var ekki ætlað að gilda áfram. Úrslit málsins að því er aðalkröfu áfrýjenda varðar, eru því undir því kominn, hvort sjálfsvörzluveð stefnds Steingríms, sam-

kvæmt veðbréfinu frá 13. júní 1930, skal sæta reglum um veð í lausafé, eða með það á að fara sem veð í fasteign.

Í málinu er það upplýst, að hinir veðsettu bátar voru að stærð, annar 3.3 og hinn 3.4 smálestir. Voru þeir innritaðir í fiskiskipaskrá Eyjarfjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, „Filippus“ hinn 6. maí 1929 og „Jóhannes“ hinn 8. apríl 1930. Reglur gildandi laga um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta yfir bátum af þessari stærð eru mjög óljósar. Í 1. sbr. 7. gr. laga um veð í skipum, nr. 20/1907, voru skýr ákvæði um það, að um veð í skrásettum skipum, 5 smálestir að stærð eða meira, skyldi fara eftir almennum reglum laga um veð í fasteignum, en smærri bátar þá jafnframt sæta reglum laga um lausafé. Lög þessi voru felld úr gildi með 281. gr. gildandi siglingalaga, nr. 56/1914, en í 5. gr. síðarnefndra laga segir, að um stofnun og vernd eignarhafta á skrásettu skipi skuli fara eftir reglum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verði við komið. Þegar siglingalög-in voru sett náði skrásetningarskyldan til skipa, sem voru 12 smálestir eða stærri, sbr. lög nr. 31/1895, 2. gr., og tilsk. um skipamælingar frá 25. júní 1869, 1. gr., svo og til fiskiskipa, sem stunda fiskveiðar utan landhelgi í Norðursjónum eða utan landhelgi við Færeyjar eða Ísland, þótt smærri væru en 12 smálestir, sbr. lög nr. 20/1901 og lög nr. 17/1902. Með fyrrnefndum lögum um þinglýsing skjala og aflýsing, nr. 30/1928, eru sett ákvæði um þinglýsingu skjala, sem skip varða. Í 4. gr. þeirra segir, að skjölum um báta, 5—12 smálestir að stærð, skuli þinglýst þar, sem eigandi á lögheimili, en „um minni báta en 5 smálestir fer sem um lausafé“.

Verður að álita, að í síðastnefndu ákvæði felist sú efnisregla, að um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta yfir bátum, minni en 5 smálestir, skuli fara eftir reglum um lausafé, því að öðrum kosti væri ákvæðið algerlega óþarft og jafnvel villandi, samanborið við fyrra ákvæðið um báta 5—12 smálestir. Þessi skilningur styðst og við það, að við setningu laganna hefir löggjafinn álitíð, að fyrrnefnd lög nr. 20/1907 væru enn í gildi, því fyrir því er gert ráð bæði í 11. og 16. gr. laganna. Mun tilfært ákvæði 4. gr. þannig vera sett með það fyrir augum, að um minni báta en 5 smálestir fari sem um lausafé, einnig að því er varðar efnisreglur. Að vísu eru minni bátar en 5 smálestir nú yfirleitt skrásetningarskyldir, eftir 4. gr. laga nr. 37/1930, um skráning skipa, sbr. tilvísunina í þeirri gr. til 5. gr. laga nr. 58/1929, sbr. nú 5. gr. laga nr. 93/1935. Samkvæmt skráningarlögnum gilda í raun og veru engin stærðartakmörk fyrir skrásetningarskyldu, svo að jafnvel hverskonar róðrabátar og ferjur geta fallið undir skrásetningarákvæði þeirra. Auðsætt er, að þessi viðtæka skrásetningarskylda smábáta er lögfest vegna eftirlits með öryggi þeirra, en ekki með tilliti til þeirra reglna, sem um þá skulu gilda í fjárviðskiptum manna. Mun löggjafinn ekki hafa ætlað til, að af rýmkun skrásetningarskyldunnar leiddi það, að sérhvert fljótandi far, hversu smátt sem er, skyldi lúta sömu efnisreglum og fasteignir, að því er varðar stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta, enda er ekki sjáanlegt, að slíkri reglu yrði almennt við komið. Er því eðlilegast að telja fyrgreint ákvæði 4. gr. þinglýsingalaganna, að um minni báta en 5 smálestir fari sem

um lausafé, haldast óbreytt, þrátt fyrir ákvæði yngri laga um skráningarskyldu smábáta.

Samkvæmt því, sem sagt hefir verið hér að fram-
an, verður að telja veð það, sem stefndi Steingrím-
ur fékk með veðbréfinu frá 13. júní 1930 í bátunum
„Jóhannesi“ og „Filippusi“, eiga að sæta sömu
reglum sem veð í lausafé. En af því leiðir aftur,
þar eð veðbréfið var ekki þinglesið í tæka tíð, sam-
kvæmt 7. gr. veðlaganna nr. 18/1887, að veðið verð-
ur að þoka fyrir handveðrétti áfrýjanda yfir sömu
bátum. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr
gildi.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málflutnings-
laun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjenda
fyrir hæstarétti, er ákveðast 120 krónur, greiðist af
almannafé, en að öðru leyti falli málskostnaður
fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiptaréttarúrskurður er úr
gildi felldur. Laun hins skipaða málflutnings-
manns áfrýjenda, Garðars Þorsteinssonar
hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 120.00 greið-
ist úr ríkissjóði. Að öðru leyti falli málskostn-
aður fyrir hæstarétti niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Ágreiningur sá, sem hér er lagður undir úrskurð skipta-
réttarins, er risinn út af kaupsamningi, réttarskjali 4, sem
er dags. 13. júní 1930, en afhentur til þinglýsingar 13. nóv.
s. á. En með kaupsamningi þessum veðsetur Sigurður Jó-
hannesson Steingrími Guðmundssyni vélbátana Jóhannes

E. A. 529 og Filippus E. A. 472 til tryggingar kaupverði fyrir mótorvél frá firmanu Brødrene Christensen, Oslo, að upphæð k1. 1850.00. Enn er ágreiningurinn um það, hvort vélina í bátnum Filippusi beri að telja með í veðsetningunni og um það, hvort veðrétturinn í bátnum Filippusi að miklu leyti sé fallinn niður, og það jafnvel þó veðið væri skoðað fasteignaveð, þannig að ákvæðum samningsins þar að lútandi væri fullnægt. Og loks er fram komin krafa um málskostnað.

Rétturinn lítur svo á, að úrslit höfuðágreiningsins velti á því, hvort skoða beri vélbáta þessa sem lausafé að því er veðsetninguna snertir, eða um hana gildi sömu reglur og um veðsetningu fasteigna.

Samkvæmt lögum nr. 30 frá 7. maí 1928 eru í fjórðu grein ákvæði um að skjali, sem snertir fasteignir eða skrásetningarskyld skip skuli þinglýsa í þeirri þinghá, sem eignin eða skipið er skráð eða óskað skráð. Þegar þessi lög voru gefin virðast ekki skip fyrir neðan 12 smálestir hafa verið skrásetningarskyld, enda eru sérstakar reglur gefnar um þinglýsingu þeirra í þessum lögum, þannig að um þinglýsingu skipa frá 12—5 smálestir gildir sú regla að skjalið skal þinglesið þar sem eigandinn á heima, og auk þess virðist einnig ákvæði um þinglestur fasteigna gilda hér, en um skip undir 5 smálestum gilda reglur um lausafé. Samkvæmt lögum nr. 37 frá 19. maí 1930 um skrásetning skipa eru skip þau, sem hér um ræðir nú skrásetningarskyld. Og þar sem lög þessi voru komin í gildi þegar þinglýsingin fór fram á umræddum kaupsamningi, þá gildir hin almenna regla í 1. lið 4. gr. um þinglýsing þessa.

Á það verður ekki fallist að vélin sé ekki með í veðinu í mótorbátnum Filippusi enda hefði orðið að taka hið gagnstæða fram ef svo hefði ekki verið. Á það verður ekki heldur fallist að afhending vélarinnar skoðist sem fyrsta afborgun skuldarinnar er leysi mótorbátinn Filippus að nokkru úr veði.

Að því er málskostnaðarkröfuna snertir, þá verður hún ekki tekin til greina þegar af þeirri ástæðu, að það er ekki á valdi skiptaréttarins að uppkveða bindandi úrskurði um slíka kröfu.